

Stjórnarfundur Leiðsagnar, 1. febrúar 2021 kl. 10:00

Tólfti fundur núverandi stjórnar Leiðsagnar var haldinn mánudaginn 1. febrúar klukkan 10:00. Fundinn var að hluta haldinn í gegnum fjarfundabúnað en hann sátu: Óskar Grímur Kristjánsson, Pétur Gauti Valgeirsson, Vilborg Anna Björnsdóttir og Friðrik Rafnsson sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta og þar síðasta fundar samþykktar.
2. Fundur Leiðsagnar með Umhverfisráðherra um fyrirhugaðan Hálendisþjóðgarð fimmtudaginn 28. janúar. Ráðherra kynnti frumvarpið og svaraði spurningum. Mjög vel mætt, um 60 manns mættu, fróðlegur fundur og uppbyggilegur.
3. Húsnæðismál félagsins. Verið að undirbúa flutninga, þarf að mála og stefnt að því að flytja í febrúar. Rætt um að halda næsta aðalfund í nýja húsnæðinu ef aðstæður og sóttvarnarreglur leyfa.
4. Endurmenntunarstjórn fundar á miðvikudaginn, 3. febrúar, aukafundur. Rætt um hvort þurfti að búa til faghandbók til að styrkja það starf. Spurning um að útfæra það á vef eða í PDF-skjali, til þess þarf að gera áhugakönnun og þarfagreiningu. Áriðandi að hafa lista yfir félaga á vefnum. Mikilvægt atriði fyrir félagsmenn. Sækja fé í Endurmenntunar- og sjúkrasjóð til þess.
5. Sjúkra- og orlofssjóður. Vilborg hefur kannað hvernig þessu er háttað hjá Eflingu og fleiri stéttarfélögum. Hún kynnti tillögur um breytingar og uppfærslu og í framhaldi af því voru þær ræddar. Samþykkt að leggjast betur yfir þetta og ræða betur á næsta fundi. Loks verður þetta lagt fyrir aðalfund Sjúkrasjóðsins. Þegar það hefur verið samþykkt þarf að kynna það rækilega meðal félagsmanna. Sama er að segja um Endurmenntunarsjóð, tillagar liggur fyrir um hann sem þarf að vinna áfram og leggja fyrir hluteigandi aðila í félaginu til samþykktar.

Annað ekki rætt og var fundi slitið klukkan 12:00.